

# 267. KIRKJURÁÐSFUNDUR

## AUKAFUNDUR

MÁNUDAGUR 17. JÚLÍ 2017 KL 10:00

---

### FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning.
2. Fjármál
  - a. Ástjarnarkirkja, erindi varðandi lúkningu á fjármögnun byggingarframkvæmda við safnaðarheimili.
3. Fasteignir
  - a. Hof í Vopnafirði, veiðiréttur í Hofsá.

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Fundurinn hófst kl. 10:00. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir stýrði fundi. Fundinn var símafundur. Í símanum voru Agnes M. Sigurðardóttir forseti kirkjuráðs og kirkjuráðsmennirnir Stefán Magnússon, Svana Helen Björnsdóttir, séra Gísli Gunnarsson og séra Elínborg Gísladóttir.

Þá sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðrún Finnbjarnardóttir sem ritaði fundargerð.

---

## 2. FJÁRMÁL

---

a) *Ástjarnarkirkja, erindi varðandi lúkningu á fjármögnun byggingarframkvæmda við safnaðarheimili.*

Erindið var áður á dagskrá kirkjuráðs á 266. fundi. Það er nú endurflutt þar eð taka þarf ákvörðun um lokagreiðslu á styrk til sóknarinnar vegna byggingar safnaðarheimilis sem jafnframt verður nýtt til allra kirkjulegra athafna í sókninni. Fram var lagt erindi sóknarnefndarinnar dags. 22. maí 2017. Jafnframt var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 14. júlí þar sem fram kom að þann dag var lokaúttekt framkvæmdarinnar þar sem mannvirkið var afhent sóknarnefndinni fullbúið af hendi verktakans. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs og verkefnisstjóri fasteignasviðs voru viðstaddir úttektina. Ekkert kom þar fram sem gaf til kynna að verkkaupi hefði athugasemdir við að taka við mannvirkinu sem fullbúnu. Kirkjuráð samþykkir að lokagreiðsla styrks Jöfnunarsjóðs sókna til sóknarinnar vegna framkvæmdarinnar, 30 m.kr. verði innt af hendi. Samþykkt einróma.

---

## 3. FASTEIGNIR

---

a. *Hof í Vopnafirði, veiðiréttur í Hofsa.*

Fyrir liggur tillaga um að kirkjuráð álykti að veiðihlunnindi sem fylgja Hofi í Vopnafirði verði undanskilin í auglýsingu um sóknarprestsembætti Hofsprestakalls. Kirkjuráð samþykkir tillöguna en tekur sérstaklega fram að sú ákvörðun verður endurskoðuð þegar starfshópur kirkjuráðs sem kirkjuþing 2015 ályktaði að skipaður yrði til að skoða slík mál í tengslum við stefnumörkun þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu skilar niðurstöðu sinni. Kirkjuráð ályktar jafnframt að fela framkvæmdastjóra að koma á framfæri við starfshópinn hvatningu kirkjuráðs til að starfi hans verði lokið hið fyrsta.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30.

Næsti reglulegur fundur er áætlaður 8. ágúst 2017

---

Agnes M Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Oddur Einarsson,  
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

---

Séra Gísli Gunnarsson

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir

---

Séra Elínborg Gísladóttir